

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi



Erindi nr. B 121 / 1082

konudagur 17 / 3 1997

Reykjavík 13.03. 1997

Landssamtókin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar "Frumvarp til laga um réttindi sjúklinga".

Samtókin fengu til umsagnar fyrra frumvarp um sama efni og fylgir umsögn samtakanna um það frumvarp með sem fylgiskjal.


Við þær athugasemdir sem þar eru gerðar er því við að bæta að samtókin hefðu gjarna viljað sjá í þessu frumvarpi ákvæði um umboðsmann sjúklinga.

Það er skoðun Landssamtakanna Proskahjálpar að auðvelda verði sjúklingum sem mest að koma kvörtunum sínum og athugasemduum á framfæri þannig að réttur þessi einskorðist ekki við þá eina sem eiga auðvelt með að rata um völundarhús kerfisins.

Umboðsmaður sjúklinga ætti að vera sá milliliður sem nauðsynlegur er til að tryggja jafna aðstöðu allra í þeim efnum.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eru að mati samtakanna til bóta.

F.h. Landssamtakanna Proskahjálpar


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Hjálagt: Fyrri umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar

Nefndadeild Alþingis
þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík




Reykjavík 23.04.1996.

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að veita umsögn um frumvarp um réttinda sjúklinga. Samtökin hafa fylgst með gerð þessa frumvarps og telja að verði það að lögum séu ýmis grunnréttindi sjúklinga betur tryggð en nú er.

Samtökin eru mjög ánægð með þau ákvæði laganna sem fjalla um skyldur heilbrigðisstarfsmanna til að gefa sjúklingum upplýsingar og sérstaklega það ákvæði að þess skuli gætt að upplýsingar séu þannig að tryggt sé að sjúklingur skilji þær. Þetta ákvæði á að geta nýst þroskaheftu fólkis mjög vel. Sömuleiðis eru sérákvæði um réttindi sjúkra barna til mikilla bóta.

Landssamtökin Proskahjálp áskilja sér rétt til að gera athugasemdir við ákvæði í 7.gr. frumvarpsins um að samþykki sjúklings fyrir meðferð burfi ekki, hafi hann verið sviptur lögræði vegna greindarskerðingar skv. lögræðislögum. Lögræðislög eru nú í endurskoðun og vilja samtökin fá að sjá breytingar á því ákvæði sem fjallar um lögræðissviptingu vegna greindarskort áður en þau mynda sér skoðun á umræddri grein. Sömuleiðis gera samtökin athugasemd við upptalningu í 1. gr frumvarpsins á þeim hópum sem sérstök ástæða er til að ætla að geti orðið fórnarlömb mismununar sem sjúklingar. Hér er notast við sömu upptalningu og í 3 gr mannréttinakafla stjórnarskráinnar. Landssamtökin gerðu athugasemdir við að fatlaðra væri ekki getið í þeirra upptalningu þegar breytingar voru gerðar á stjórnarskránni og vilja endurtaka þær athugasemdir hvað varðar þessi lög. Að lokum vilja samtökin gera athugasemd við orðalag í 19 grein um forgangsröðun og leggja til að skýrar verði kveðið að orði um hvað annað en læknisfræðileg sjónarmið geti ákvarðað hugsanlega forgangsröðun sjúklinga.

Virðingarfyllst
F.h. Landssamtakanna Proskahjálpar


Friðrik Sigurðsson,
framkvæmdarstjóri